

2 Staðfesting konungs á breytingum á skipulagsskrá samgöngubóta-
 14. jan. sjóðs Páls Jónssonar útgefin á venjulegan hátt að mandatum af atvinnu- og samgöngumálaráðherranum 14. janúar 1922.

Breytingarnar eru þannig:

Við 2. gr.

Burtu falli orðin:

»Þangað til hann nemur 30000 krónum, úr því skal verja öllum vöxtunum til samgöngubóta.«

Inn í næstu málsgrein á undan þessari sje sett orðið »jafnan« (en $\frac{1}{4}$ vaxta skal jafnan leggja við höfuðstólinn).

Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist:

»Ef sjóðurinn í komandi framtíð skyldi verða svo sterkur, að ekki sýndist þörf að leggja helming til úr annari átt, þá ákveður stjórnarráðið, hve mikils hluta sje krafist á móti sjóðtillaginu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1922.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vígfús Einarsson.

3
 21. jan.

Auglýsing

um

kosning alþingismanns fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

Með því að þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu Pjetur Jónsson er látinn, er hjermeð samkvæmt 53. gr. laga nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning skuli fara fram laugardaginn 18. febrúar 1922 á alþingismanni fyrir Suður-Þingeyjarsýslu í stað hins látna þingmanns, fyrir þann tíma, er hann átti eftir. Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögunum, eru styttnir þannig að framboðsfrestur er til 7. febrúar, að þ. i. degi meðtöldum, og að fimm dögum síðar, eða 12. febrúar, skulu kjörseðlar fullgerðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosning þessa og sjá um, að hún fari fram samkvæmt fyrirráðum kosningalaganna.

I dóms. og kirkjumálaráðuneytinu, 21. janúar 1922.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.